



HRUNAMANNAHREPPUR

24. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 3. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 1. MARS 2012
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2012, þann 1.mars kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnáði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 3 mál, fundargerð 8. fundar stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs, viljayfirlýsingu vegna uppbyggingu dreifiveitukerfis í rafmagni og beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á breytingu á lögum um húsaleigubætur. Hreppsnefnd samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Tryggingar sveitarfélagsins.
2. KPMG. Stjórnskýrsluskoðun, skýrsla til sveitarstjóra.
3. Umferðarmerkingar á Flúðum.
4. Bakkatúnsvegur: Dómur héraðsdóms Suðurlands.
5. Vinnuáætlun: Aðgangur atvinnuleitenda að sundstöðum á Suðurlandi.
6. Samningur um landgræðsluvæði á Hrunamannafrétti.
7. Samstarfssamningur um notkun á seyru á landgræðsluvæði á Hrunamannafrétti.
8. Samstarfssamningur um notkun á seyru í landi Haukholts.
9. Tillaga að gjaldskrá vegna húsaleigu íbúðarhúsnæðis í eigu Hrunamannahrepps.
10. MAST: Litir á sauðfjármerkjum.
11. Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.
12. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014.
13. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022.
14. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014.
15. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022.
16. Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um faglega úttekt á réttargeðdeildinni að Sogni.
17. Landgræðslufélag Hrunamanna: Beiðni um styrk.
18. Aðalskipulag: Miðfell III.
19. Uppbygging við Heimaland.
20. Úthlutunarreglur á húsnæði fyrir eldri borgara.
21. Upplit. Samstarf við sveitarstjórnir.
22. Næsti fundur hreppsnefndar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

23. Sundlaugarnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 9. febrúar s.l.
24. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 11. fundar frá 10. janúar s.l.
25. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 12. fundar frá 6. febrúar s.l.
26. Landbúnaðarnefnd. Fundargerð 11. fundar frá 27. febrúar s.l.
- liggur frammi á fundinum-
27. Veitustjórn: Fundargerð 17. fundar frá 27. febrúar s.l.
- liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

- 28.44. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 16. febrúar s.l., 76. afgreiðslufundur frá 25. janúar s.l og 77. Afgreiðslufundur frá 15. febrúar s.l.
29. Velferðarnefnd Árnesþings. Fundargerð 7. fundar frá 15. febrúar s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 212. stjórnarfundar frá 1. febrúar s.l.
- b. SASS: Fundargerð 453. stjórnarfundar frá 3. febrúar sl.
- c. Skólanefnd Tónlistarskóla Árnesinga: 159. fundur skólanefndar frá 1. febrúar s.l.
- d. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 137. stjórnarfundar frá 8. febrúar s.l.

Kynningarmál:

- e. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Staðfesting á innheimtu framlaga.
- f. Vinnumálastofnun Suðurlands: Vinnandi vegur, átak í málefnum atvinnulausra.
- g. Rarik: Götulýsing á veitusvæði Rarik.
- h. Hreyfingin: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.
- i. Rauði kross Íslands: Skyndihjálparnámskeið.

- j. Skipulagsstofnun: Athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi.
- k. SASS: Yfirlýsing vegna Strætó bs.
- l. Þjóðkirkjan: Ályktun kirkjuþings 2011.
- m. Iðnaðarráðuneytið: Styrkumsókn úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða.
- n. Uppgjör kostnaðar við skipulags- og byggingarfulltrúaembætti uppsveita.
- o. Strætó: breytingar á strætóleiðum á Suðurlandi.
- p. Samantekt á efni til landsgræðslu á Hrunamannaafretti 1974-2002.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 793. stjórnarfundar frá 27. janúar s.l.
- r. Markaðsstofa Suðurlands og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Sýningin „Suðurland í sókn“ í Ráðhúsi Reykjavíkur 16. og 17. mars n.k.
- s. Lánasjóður Sveitarfélaga. Breyting á útlánavöxtum.
- t. Fjölbrotarskóli Suðurlands: Heilsuefandi framhaldsskóli.
- u. Skýrsla stjórnar GF og Ársreikningur GF.

Fundir framundan:

- v. Samband íslenskra sveitarfélaga: XXVI. landsþing sambandsins á Hótel Reykjavík Natura 23. mars n.k.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Tryggingar sveitarfélagsins.**
Oddviti kynnti tilboð frá VÍS um endurnýjun á samningi vegna váttrygginga fyrir Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir tilboðið og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulag við VÍS um váttryggingar.
2. **KPMG. Stjórnskýrslusköðun, skýrsla til sveitarstjóra.**
Oddviti kynnti skýrslu til sveitarstjóra um ábendingar og athugasemdir tengdar stjórnsýslusköðun.
3. **Umferðarmerkingar á Flúðum.**
Oddviti kynnti tillögur um staðsetningu umferðarmerkja í þéttbýlinu á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti staðsetningu á umferðarmerkjum á Flúðum og felur sveitarstjóra að leita staðfestingar lögreglustjóra á þessari ákvörðun hreppsnefndar skv. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
4. **Bakkatúnsvegur: Dómur héraðsdóms Suðurlands.**
Oddviti kynnti niðurstöður héraðsdóms Suðurlands í málinu E-296/2011 vegna eignarnámsákvörðunar á landi undir Bakkatúnsveg. Hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við lögmann sveitarfélagsins í málinu um framhald þess með það í huga að funda með hagsmunaaðilum.
5. **Vinnumálastofnun: Aðgangur atvinnuleitenda að sundstöðum á Suðurlandi.**
Oddviti kynnti beiðni Vinnumálastofnunar um að heimila atvinnuleitendum gjaldfrjálsan aðgang að sundlauginni á Flúðum. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
6. **Samningur um landgræðslusvæði á Hrunamannaafretti.**
Oddviti kynnti samning um landgræðslusvæði á Hrunamannaafretti milli Hrunamannahrepps og Landgræðslu ríkisins. Þá liggur fyrir jákvæð umsögn landbúnaðarnefndar og Landgræðslufélags Hrunamanna um samninginn. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur oddvita að undirrita hann.

7. **Samstarfssamningur um notkun á seyru á landgræðslusvæði á Hrunamannaafretti.**
Oddviti kynnti samstarfssamning milli Hrunamannahrepps og Landgræðslu ríkisins um notkun seyru á landgræðslusvæði á Hrunamannaafretti. Samningurinn er tilraunarverkefni til þriggja ára og tilgangurinn er til að kanna hvort og hvernig best megi nýta seyru til landgræðslu. Þá liggur fyrir jákvæð umsögn landbúnaðarnefndar, umhverfisnefndar og Landgræðslufélags Hrunamanna um samninginn en Landgræðslufélagið bendir þó á að samráð verði haft við félagið hvernig staðið verði að niðursetningu á seyru. Hreppsnefnd samþykkir samninginn með þeirri breytingu að Landgræðslufélag Hrunamanna verði samráðsaðili og felur oddvita að undirrita hann.
8. **Samstarfssamningur um notkun á seyru í landi Haukhólts.**
Oddviti kynnti samstarfssamning um notkun seyru í landi Haukhólts. Samningurinn er tilraunarverkefni til þriggja ára og tilgangurinn er að kanna hvort og hvernig best megi nýta seyru til landbóta. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur oddvita að undirrita hann.
9. **Tillaga að gjaldskrá vegna húsaleigu íbúðarhúsnæðis í eigu Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti tillögu að gjaldskrá vegna húsaleigu íbúðarhúsnæðis í eigu Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir gjaldskrána og felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við leigjendur um breytingar.
10. **MAST: Litir á sauðfjármerkjum.**
Oddviti kynnti erindi frá MAST þar sem þeir kynna breytingu á litamerkingum á sauðfjármerkjum í Hrunamannahreppi. Fyrir liggur umsögn landbúnaðarnefndar. Hreppsnefnd óskar eftir fundi með MAST og fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem koma að málinu með það að markmiði að fá nánari útfærslu á tilgangi þessara breytinga.
11. **Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins bændur græða landið. Hreppsnefnd samþykkir að veita umbeðinn styrk kr. 25.000.
12. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014.**
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014. Hreppsnefnd tekur undir umsögn SASS um samgönguáætlunina.
13. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022.**
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna tillögu um þingsályktun vegna 12 ára samgönguáætlunar 2011-2022. Hreppsnefnd tekur undir umsögn SASS um samgönguáætlunina.
14. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014.**
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014. Hreppsnefnd tekur undir umsögn SASS um fjarskiptaáætlunina.
15. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022.**
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022. Hreppsnefnd tekur undir umsögn SASS um fjarskiptaáætlunina.
16. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um faglega úttekt á réttargeðdeildinni að Sogni.**
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um faglega úttekt á réttargeðdeildinni að Sogni. Hreppsnefnd fagnar því að slík úttekt fari fram þannig að raunsætt mat liggi fyrir vegna reksturs slíkra stofnanna á landsbyggðinni.
17. **Landgræðslufélag Hrunamanna: Beiðni um styrk.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Landgræðslufélaginu fyrir landgræðsluferð í júní n.k. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja félagið um kr. 100.000 vegna verkefnisins og greiði einnig matarkostnað.

18. Aðalskipulag: Miðfell III.

Lögð fram að nýju lýsing skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsingin var send til kynningar til nærliggjandi landeigenda auk þess sem hún var send til umsagnar Skipulagsstofnunar og var kynnt með auglýsingu í Dagskránni og Fréttablaðinu. Fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar dags. 15. febrúar 2012 auk þess sem athugasemd barst frá eigendum Dalbæjar 1, dags. 20. febrúar. Þá liggja fyrir viðbrögð eigenda spildunnar við innkomnum athugasemdum. Hreppsnefnd samþykkir að halda áfram með aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið í samræmi við fyrirliggjandi lýsingu með þeirri breytingu að aðkoma að svæðinu breytist í samræmi tillögu umsækjanda dags. 25.02.2012. Hreppsnefnd leggur áherslu á að aðalskipulagsbreytingin skerði ekki möguleika aðliggjandi jarða til landbúnaðarframleiðslu. Skipulagsfulltrúa falið að láta vinna aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið.

19. Uppbygging við Heimaland.

Oddviti kynnti tillögu frá Esther og Gunnari um að kannað verði með uppbyggingu íbúða fyrir eldri borgara á núverandi svæði við Vesturbrún á Flúðum. Sveitarstjóri fór yfir þær hugmyndir að deiliskipulagi sem nú er í vinnslu sem gerir ráð fyrir fleiri byggingum á svæðinu. Þá fór hann yfir hugmyndir um mögulegt eignarhald á fyrirhuguðum íbúðum. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna áfram að málinu í samstarfi við félag eldri borgara.

20. Úthlutunarreglur á húsnæði fyrir eldri borgara.

Oddviti kynnti tillögu frá Esther og Gunnari um að útbúnar verði skýrar úthlutunarreglur varðandi úthlutun á húsnæði eldri borgara við Vesturbrún. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að halda þeirri vinnu áfram í samráði við félagsmálastjóra að klára reglur um úthlutun á húsnæði vegna eldri borgara og leggja fyrir hreppsnefnd.

21. Upplit. Samstarf við sveitarstjórnir.

Oddviti kynnti tillögu frá Uppliti um að félagið fái ókeypis kynningu á heimasíðu hreppsins og í Pésa. Samstarf Upplits við Hrunamannahrepp hefur ávallt verið með miklum ágætum sem m.a. hefur falist í því að Uppliti hefur staðið til boða aðgangur að heimasíðu hreppsins og Pésanum gjaldfrjálst. Hreppsnefnd samþykkir erindið.

22. Næsti fundur hreppsnefndar.

Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 12. apríl n.k. kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

23. Sundlaugarnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 9. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð nefndar sem stofnuð var til að skoða og leggja mat á framtíð sundlaugarmála á Flúðum. Farið var yfir núverandi stöðu sundlaugar, ræddir hvaða valkostir séu í boði og lagt til að gerð verði verkfræðileg úttekt á ástandi sundlaugarinnar og þegar hún liggur fyrir að skoðað verði með möguleika á því að byggja hana upp á núverandi stað eða á nýjum stað í tengslum við íþróttahús. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að ráða aðila til gera verkfræðilega úttekt á sundlauginni til að meta ástand hennar jafnframt því að tekið verði saman hvaða úrbætur þurfi að gera á mannvirkinu til að það uppfylli lágmarkskröfur og það verði kostnaðarmetið.

24. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 11. fundar frá 10. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar Ferða- og menningarnefndar. Rædd var hugmynd um að gefa út sameiginlegan kynningarbækling ferða- og þjónustuaðila í Hrunamannahreppi. Ákveðið að boða ferðaþjónustuaðila og þá sem áhuga hafa á fund og kanna áhuga. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

25. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 12. fundar frá 6. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar Ferða- og menningarnefndar. Á fundinum var ræddur sameiginlegur kynningarbæklingur fyrir ferðaþjónustuaðila í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

26. Landbúnaðarnefnd. Fundargerð 11. fundar frá 27. febrúar s.l.
Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar landbúnaðarnefndar. Á fundinum var fjallað um samstarfssamning um notkun á seyru á landgræðslusvæði á Hrunamannaafrétti, samning um landgræðslusvæði á Hrunamannaafrétti og tillögur frá MAST um breytingar á litum eyrnamerkja í sauðfé. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
27. Veitustjórn: Fundargerð 17. fundar frá 27. febrúar s.l.
Oddviti kynnti fundargerð stjórnar frá 27. febrúar. Farið var yfir ársreikning Hitaveitunnar en rekstrarhagnaður veitunnar eftir skatta var tæpar 7,7 milljónir. Skoðaðar voru byggingar yfir borholur hitaveitunnar á Flúðum. Samþykkt að endurnýja varadælur í dæluhúsi hitaveitunnar á Flúðum og önnur mál rædd. Þá var farið í vettvangsferð í dæluhús hitaveitunnar á Flúðum og nágrenni þess skoðað. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

- 28.44. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 16. febrúar s.l., 76. afgreiðslufundur frá 25. janúar s.l og 77. Afgreiðslufundur frá 15. febrúar s.l.
Oddviti lagði fram fundargerð 44. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 16. febrúar s.l. en þar var farið yfir 2 mál fyrir Hrunamannahrepp og 1 sameiginlegt. Farið yfir mál nr. 6, fundargerðir 76. afgreiðslufundar frá 25. janúar þar sem 1 mál var tekið fyrir sem tengdist Hrunamannahreppi og fundargerð 77. afgreiðslufundar frá 15. febr. þar sem 1 mál var tekið fyrir vegna Hrunamannahrepps. Farið var yfir mál nr. 12 þar sem kynnt var svar Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulagstillögu í Efri-Kisubotnum í Kerlingarfjöllum. Mál nr. 13, þar sem samþykkt var deiliskipulagstillaga í landi Grafar með tilliti til nýrrar vegtengingar. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina.
29. Velferðarnefnd Árnespings. Fundargerð 7. fundar frá 15. febrúar s.l.
Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar Velferðarnefndar Árnespings. Þar var tekið fyrir trúnaðarmál, samþykkt tillaga að sameiginlegri gjaldskrá félagslegrar heimþjónustu í Hveragerði og Ölfusi, fjallað um erindi frá þroskahjálpi á Suðurlandi til sveitarfélaganna og umsögn gefin vegna þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

30. Fundargerð 8. fundar stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs frá 16. Febrúar s.l.
Tekin var fyrir fundargerð 8. fundar stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. Þar var fjallað um stöðu embættisins og önnur mál rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
31. Viljayfirlýsing vegna uppbyggingu dreifiveitukerfis í rafmagni
Lögð var fram drög að viljayfirlýsingu milli Sambands garðyrkjubænda, Sölufélags garðyrkjumanna, Hrunamannahrepps og Bláskógabyggðar, um að skoða möguleika á að reisa eigin dreifiveitu rafmagns sem þjónað gæti ylræktendum á Flúðum, Laugarási og í Reykholti. Hreppsnefnd samþykkir viljayfirlýsinguna fyrir sitt leyti og felur oddvita að undirrita hana.
32. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á breytingu á lögum um húsaleigubætur.
Oddviti kynnti beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn vegna breytingar á lögum um húsaleigubætur vegna námsmanna. Hreppsnefnd styður breytinguna.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 212. stjórnarfundar frá 1. febrúar s.l. Lagt fram til kynningar.
- b. SASS: Fundargerð 453. stjórnarfundar frá 3. febrúar sl. Lagt fram til kynningar.
- c. Skólanefnd Tónlistarskóla Árnesinga:159. fundur skólanefndar frá 1. febrúar s.l. Lagt fram til kynningar.
- d. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 137. stjórnarfundar frá 8. febrúar s.l. Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Staðfesting á innheimtu framlaga. Lagt fram til kynningar.
- f. Vinnumálastofnun Suðurlands: Vinnandi vegur, átak í málefnum atvinnulausra. Lagt fram til kynningar.
- g. Rarik: Götulýsing á veitusvæði Rarik. Lagt fram til kynningar.
- h. Hreyfingin: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða. Lagt fram til kynningar.
- i. Rauði kross Íslands: Skyndihjálparnámskeið. Lagt fram til kynningar.
- j. Skipulagsstofnun: Athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi. Lagt fram til kynningar.
- k. SASS: Yfirlýsing vegna Strætó bs. Lagt fram til kynningar.
- l. Þjóðkirkjan: Ályktun kirkjupings 2011. Lagt fram til kynningar.
- m. Iðnaðarráðuneytið: Styrkumsókn úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Lagt fram til kynningar.
- n. Uppgjör kostnaðar við skipulags- og byggingarfulltrúaembætti uppsveita. Lagt fram til kynningar.
- o. Strætó: Breytingar á strætóleiðum á Suðurlandi. Lagt fram til kynningar.
- p. Samantekt á efni til landgræðslu á Hrunamannafrétti 1974-2002. Lagt fram til kynningar.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 793. stjórnarfundar frá 27. janúar s.l. Lagt fram til kynningar.
- r. Markaðsstofa Suðurlands og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Sýningin „Suðurland í sókn“ í Ráðhúsi Reykjavíkur 16. og 17. mars n.k. Lagt fram til kynningar.
- s. Lánasjóður Sveitarfélaga. Breyting á útlánavöxtum. Lagt fram til kynningar.
- t. Fjölbrautarskóli Suðurlands: Heilsueflandi framhaldsskóli. Lagt fram til kynningar.
- u. Skýrsla stjórnar GF og Ársreikningur GF. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- v. Samband íslenskra sveitarfélaga: XXVI. landsþing sambandsins á Hótel Reykjavík Natura 23. mars n.k. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:35.